

360. fundur Skólanefndar FS

14. september 2022



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Einar Jón Pálsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara og Kristján Ásmundsson skólameistari. Bjarni Páll ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staðan við upphaf annar og breytingar.
 2. Stefnumótun, húsnæðismál, er komið að endurskoðun í ljósi íbúðapróunar?
 3. Ytri úttekt.
 4. Önnur mál.

1. Staðan við upphaf annar og breytingar.

Skólameistari fór yfir upphaf annar. Nýir starfsmenn eru 13 en þar var bæði um að ræða tímabundnar ráðningar og fastráðningar. Breytingar stafa fyrst og fremst af orlofi starfsfólks sem og almennri endurnýjun í starfsmannahópi vegna starfsmanna sem hafa farið á eftirlaun eða hætt störfum. Breytingar hafa orðið á starfsmannahópi í mötuneyti og hefur starfsemi mötuneytisins farið vel af stað með fjölbreyttum hópi starfsmanna. Máltíð í mötuneyti hækkaði um 50 krónur og er nú 800 krónur. Námstjórar eru nú 3 í stað 4. Stokkatöflu var breytt og er taflan nú ekki eins þétt og hún var áður og kennslustundir eru ekki á sama tíma dagsins alla vikuna. Til að mæta styttingu vinnuviku eru kennslustundir 55 mínútur í stað 60 mínútna. Starfshlutfall kennara er yfirleitt hærra á haustönn en vorönn vegna fjölda nemenda. Ekki er starfandi sálfræðingur í skólanum í dag. Fræðsluvið Reykjanesbæjar hefur ekki starfsfólk til að veita þjónustu líkt og undanfarin ár. Auglýsingar eftir sálfræðingi hafa ekki skilað árangri. Samtal er í gangi við HSS vegna þjónustunnar sem hefur ekki enn borið árangur. Um 1000 nemendur eru skráðir í dagskóla, þar af eru 259 nýnemar. Tæplega 100 nemendur í grunnskólum sækja einstaka áfanga í skólann. Tíu nemendur eru í síðdegisskóla, þeir eru allir í verknámi. Sérstök námsbraut er nú fyrir nemendur af erlendum uppruna sem hafa nýlega komið til landsins.

2. Stefnumótun, húsnæðismál, er komið að endurskoðun í ljósi íbúðapróunar?

Farið yfir leiðarljós og áherslur skólanefndar til ársins 2028. Umræða um uppbyggingu skólans og forsendur stefnumótunarinnar. Skólameistari sagði frá fundi með Reykjanesbæ um uppbyggingarmöguleika. Rætt um mögulega staðsetningu út frá áherslum skólanefndar til ársins 2028 og mögulegum tækifærum til stækkunar skólans. Hæglega væri hægt að þjónusta allt að 2000 nemendur ef stækkunarkostir skólans eru fullnýttir að mati skólameistara. Grunnstefið í leiðarljósi skólanefndar hefur ekki tekið breytingum, þörf er á að rýna leiðarljósin og áherslurnar með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa átt sér stað á Suðurnesjum.

Sérstaklega þarf að greina áhrif fólksfjölgunar á svæðinu undanfarin ár, hvernig skólinn geti mætt fyrirsjáanlegum nemendafjölda og hvenær skólinn þarf að vera í stakk búinn

FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

til að taka við þeim nemendum. Ákveðið að rýna og uppfæra leiðarljós og áherslur skólanefndar þegar niðurstöður ytra mats liggja fyrir.

3. Ytri úttekt.

Þessa vikuna stendur yfir ytra mat á starfsemi skólans. Matið er framkvæmt á fimm ára fresti. Menntamálastofnun hefur umsjón með úttektinni. Von er á að niðurstöður liggi fyrir öðru hvoru megin við áramótin.

4. Önnur mál.

a) Farið yfir horfur í rekstri. Fjárlagafrumvarp ársins 2023 gerir ráð fyrir fækkun nemendaígilda um 4,3% og þar með lækkun framlögum til skólans. Nemendum er að fjölga en þrátt fyrir það fækkar nemendaígildum um 40. Skólameistari hefur ítrekað kallað eftir skýringum á því á hverju ósamræmi á greiðslum á hvert nemendaígildi er byggt. Skólameistari mun eiga fund með ráðuneytinu á næstu vikum þar sem hann mun fara yfir forsendur rekstrar og leita skýringa á hverju fækkun nemendaígilda er byggð.

b) Einar Jón greindi frá úttekt sem nýlega var gerð á viðbyggingunni. Það kom á óvart að búið var að fjarlægja búnað sem mikið var lagt í að koma upp í nemendaaðstöðunni. Ástæður þess að búnaður var fjarlægður var slæleg umgengni en ekki er góð lausn að þurfa að fjarlægja aðstöðu sem allir geta nýtt sér vegna slæmrar umgengni einstakra aðila. Skólameistari greindi frá því að afar erfitt hafi reynst að ná fram ásættanlegri umgengni á svæðinu og því var gripið til þessara ráða og er það mjög miður.

c) Skólinn stóð fyrir vel heppnaðri ferð á leiksýninguna 9 líf í Borgarleikhúsinu nú á haustdögum. Mikil ánægja var með framtakið meðal nemenda og starfsmanna og voru nemendur til fyrirmyndar í ferðinni.

d) Skólanefnd stefnir að því að funda annan hvorn mánuð í vetur. Næsti fundur ráðgerður 9. nóvember.


Fleira ekki gert og fundi slitið.



Bjarni Páll Tryggvason, formaður



Ásrún Helga Kristinsdóttir


Helga María Finnbjörnsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Einar Jón Pálsson


Hilma Hólmsfríður Sigurðardóttir


Kristján Ásmundsson, skólameistari